

Sveitarfélagið Árborg
Sigurður Andrés Þorvarðarson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 8. júní 2020
UST202005-316/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010 - 2030 – Austurbyggð á Selfossi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010 – 2030 fyrir Austurbyggð á Selfossi.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka núverndi íbúarðsvæði N13 um 30 ha og verður opið svæði til sérstakra nota fyrir hesthús og útivistarsvæði minnkað sem nemur stækkun íbúðarsvæðisins.

Í greinargerð kemur fram að ekki verða metin eða greind umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem breytingin er minniháttar og hefur engin eða óveruleg áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að skilgreina á um 30 ha íbúðarsvæði, sem áður var m.a. útisvistarsvæði og beitarland, með lóðum fyrir einbýlishús, par-, rað- og fjölbýlishús, sem mun jafnvel hafa engin umhverfisáhrif í för með sér.

Vistgerðir


Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa*


totanus) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni, umhverfisáhrif tillögunnar verði metin og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur